



Reykjavík, 2. maí 2019
SFS2019020062
160. fundur
HG/db

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi varðandi athugasemdir frá Heilbrigðiseftirlitinu sem ekki hefur verið brugðist við

Á 153. fundi skóla- og frístundaráðs, 12. febrúar 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu margir skólar og leikskólar hafa fengið athugasemdir/frávik/ábendingar frá Heilbrigðiseftirlitinu sem ekki hefur verið brugðist við.

Svar:

Óskað var eftir því við stjórnendur grunnskóla og leikskóla að senda upplýsingar um athugasemdir vegna húsnæðis og lóðar sem ekki hefur verið sinnt og snúa að Umhverfis- og skipulagssviði en ekki athugasemdum sem snúa að rekstri.

22 leikskólar á samtals 26 starfsstöðvum og 12 grunnskólar sendu upplýsingar um að Umhverfis- og skipulagssvið hafi ekki brugðist við síðustu athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 2018.